

sem fyrir voru. Klukkan var orðin sjö og mig langaði mest til að hringja aðeins í pabba. Ég sá eftir að hafa ekki hringt í hann fyrir í stað þess að sóa dýrmaetum tíma í miðurdrepandi samskipti við mömmu. Vissi að pabbi væri á leiðinni upp á Langjökul með hóp af Spánverjum og sendi honum skilaboð: *Elska þig besti og mesti fjalla-garður Íslands*. Síðan leit ég út um gluggann og starði á flugbrautina, út í hraunið og upp í gráan himininn.

Ég fann fyrir undarlegum fðringi í maganum þegar vélin hóf sig á loft og fannst ég svífa á eigin vængjum þegar hún hækkaði flugið. Húsbök og hraun fjarlægðust og svo fann ég hönd mömmu taka um mína, ég kreisti hennar á móti. Og hallaði mér upp að henni, grét þínu-lítið eina ferðina enn, lét undan spennunni og sofnaði á meðan mamma strauk mér blíðlega um vangann.

Þegar fólk spurði mig um Tryggva, manninn hennar mömmu, sagði ég að hann væri bara ósköp venjulegur maður.

— Er hann góður við þig?

— Já, já, hann er alveg finn.

Það kann að hljóma furðulega en Tryggvi var mjög lengi maður sem ég þekkti afskaplega takmarkað þótt hann væri stjúppabbi minn. Hann hefur vissulega búið með mömmu í rúmlega fjögur ár, hann er pabbi systra minna og ég hef þannig lagað búið allan þennan tíma á sama heimili og hann. Reyndar var hann heimikið í þurru vegna vinnunnar fyrst eftir að þau mamma byrjuðu saman. Hann starfaði sem flugstjóri en fór svo að kenna öðrum að fljúga einhverri sérstakri tegund af þveidþotum í flughermi og þegar honum bauðst vinna við þad í Þýskalandi ákváðu þau mamma að flýja út. Maan var mér lengi eiginlega álka náinn og sumir bróðurnir í bekrnum mínum heima sem ég veit margt um og umgengst daglega, en þekki lítið persónulega.

Tryggvi var einhvern veginn bara Tryggvi heima á Íslandi. Hann ýmist kom heim úr vinnu eða fór í vinnu. Ef ekki þá var hann úti í skúr að dytta að sleðanum, gera við mótorhjólid eða setja saman flugvélamódel. Á kvöldin sat hann með spjaldtölvuna í kjöltunni, oft líka með bjór og horfði á BBC eða heimildapætti um stjórnmál eða nýjustu tækni og vísindi. Það fór svolítið í taugarnar á mér hvað hann stillti sjónvarpið hátt, jafnvel þótt hann væri í tölvunni. Endalausar fréttir af skotárásum, hungur-sneyð og átökum í stjórnmálum flæddu í stríðum strauum um um eldhúsið og stofuna svo oft var ekki líft þar. Vegna vaktavinnunnar var hann líka stundum heima á daginn. Þegar ég kom heim úr skólanum var yfirleitt reglan að segja hæ við hann, grilla samlokur með osti og skinku og hella eplasafta í glas. Og ef hann reyndi að spyrtja hvað væri að fréttu, sagði ég bara:

— Ekkert sérstakt, og lokaði að mér inni í herbergi.

Hann má eiga það að hann er rosalegur matgæðingur og eldar oft geðveikt góðan mat. Og miklu betri en pabbi. Tryggvi hreinlega elskar steikur, marinerar þær betur en nokkur annar og fer á veiðar og grefur græs eftir eigin kúnstarinnar reglum. Við eigum það sameiginlegt að dýrka gott saltkjöt á beini, helst með nýuppteknum kartöflum og rófum. Kannski fór honum fljótlega að þykja vænt um mig eftir að við kynntumst en ég fann ekkert endilega fyrir því. Mamma það mig oft um að vera ekki svona fráhrindandi og lokuð gagnvart Tryggvi. Þá spurði ég bara hvort við tvær ættum að smíða flugvélamódel úti í skúr eða skella okkur á hreindýraveiðar

með honum. Þá varð frekar fátta um svör því mamma er alls ekki týpan í neitt svoliðis.

Tryggvi var áður giftur bandarískri konu og bjó um tíma í Chicago þar sem hann lærði að fljúga. Þegar mamma var ólétt af tvíburunum heyrði ég hana segja við Þórhildi að Tryggvi og þessi Michelle hefðu í mörg ár reynt að eignast barn. Þau hefðu oft farið í tækniþývun en ekkert gengið.

— Hún var með legslimflak og sæðið hans ekkert allt of virkt. Þess vegna er svo ótrúlegt að ég gangi með tvíburum. En, bætti hún við örlítil lægra, — hann toppar samt allt sem hægt er að toppa á skeiðvellingnum.

Súnt vilja börn hreinlega ekki heyrta. Mér finnst til dæmis ógeðslega vandræðalegt þegar ég heyrir foreldra mína tala um kynlíf, sérstaklega sitt eigið. Ég hafði nákvæmlega engan áhuga á að heyrta um kynlíf mömmu með manni sem hafði tekið hana frá pabba. Þar að auki hafði ég ekki hugmynd um að mamma væri ólétt fyrir en ég heyrði þetta samt. Hreinlega trúði ekki mínum eyjum eyrum. Ég var bara tíu ára þegar þetta gerðist og mín fyrstu viðbrögð voru að læðast út og labba alla leið heimin til pabba. Þegar hann opnaði fyrir mér gat ég alls ekki sagt honum hvað hefði gerst heldur grét ég bara einhlaust í fanginu á honum. Þegar mamma kom að minnast mig hálfsturlaðist ég og fékk að vera einu aukaviku hjólabáða. Það var ekki fyrir en nokkrum dögum seinna sagði mamma pabba að hún ætti von á tvíburunum

og að samband þeirra væri endanlega búið. Fram að því hafði hún bara sagt honum að hún hefði flutt út þar sem hún vissi ekki hvað hún vildi. Mér létti í raun óskaplega mikið, það var allt betra en að þurfa að segja honum þetta sjálf.

Við komuna á Flugvöllinn í Frankfurt hlupu stelpurnar í fangið á Tryggva. Ég átti von á því að næst myndi hann faðma mömmu og ég myndi standa hjá eins og venjulega sem fimmta hjólið. Mér að óvörum tók hann mig fast í fang sér, svo fast að neðð á mér flattist út á breiðri bringunni. Mig langaði kannski alveg smá til að faðma hann á móti en ég gat það ekki þar sem ég hélt á fiskibollunum í vinstri hendi og bakpokanum í hægri.

— Miknið er gott að sjá þig, Hrafnhildur mín. Takk fyrir að leggja þetta allt saman á þig.

Sagði hann þetta af því hann var með samviskublit yfir því að draga alla fjölskylduna til Þýskalands eða var hann þann þjúinn að vera svona rosalega einmana? Eða hugsaði hann neyð sér að núna þyrfti hann að vera þínulítið þabbi heinnar Hrafnhildar? Það skipti kannski engu máli en ég fékk að hann var einlægur og vildi taka vel á móti mér. Mér launast ofsalega gott að heyra hann segja þetta og þess vegna gott að hann skyldi faðma mig á undan mömmu. Það hóvði mig úr fangi hans og allt sem ég gat sagt var: